

12. Frumvarp

til laga um loftferðir.

(Lagt fyrir Alþingi 1929).

I. KAFLI.

Um loftför.

1. gr.

Loftförum er frjálst að fara um loftið innan takmarka þeirra, er lög þessi setja eða reglugerðir, er lög þessi hafa i för með sjer.

Loftför ern í lögum þessum nefnd loftskip, landflugvjarlar og sjóflugvjarlar og flugbelgir.

2. gr.

Löftförum er heimilt að ferðast um Ísland, ef þau eru eign íslenskra ríkisborgara (skv. gr. 3–5) eða þau fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 13. gr.

3. gr.

Löftfar skal skrásetja á Íslandi, ef það á að telja íslenska eign.

4. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið segir fyrir um, á hvern hátt skrásetja skuli íslensk löftför.

5. gr.

Löftfar er ekki unt að skrásetja, nema það fullnægi skilyrðum þeim, er hjer greinir:

1. Löftfarið verður að vera:

- a. alger eign íslenskra ríkisborgara eða
- b. í vörslu íslenskra ríkisborgara, ef á að nota það um lengri tíma en 3 mánuði.

Ef hlutafjelag eða önnur stofnun, sem nýtur lögrjettinda, á löftfar, verður fjelagið eða stofnunin að hafa heimili og varnarþing á Íslandi, til að fullnægja skilyrðinu í greinarlið a. Ef annað fjelag er eigandi eða vörsluhafi, skal fjelag þetta eiga heimilisfang á Íslandi. Ábyrgir eigendur, hvort sem um fjelagsskap eða einstaka menn er að ræða, skulu allir vera íslenski ríkisborgarar.

2. Færa verður sönnur á skv. 14. gr., að löftfarið sje hæft til flugferða.
3. Til tryggingar skaðabótakröfum, er kunna að verða gerðar, verður eigandi löftfars samkv. 1. a, eða vörsluhafi samkv. 1. b, að færa sönnur á, að hann hafi sjeð um vátryggingar fyrir fjárhæð þeirri, er hægt er að krefjast af honum samkv. 33. gr., eða hann setur tryggingar þær, er teknar verða gildar.

6. gr.

Skrásett löftför eru skyld að bera löfthelgismerki og skrásetningarmerki. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið ákveður, hvernig lögun og gerð þessara merkja skuli vera.

7. gr.

Eigandi löftfars skal skriflega sækja um skrásetningu.

Í skrásetningarbeiðni skal taka fram nafn og heimili eiganda, enn fremur starfsgrein löftfarsins og annað það, er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið kann að krefjast.

Skrásetningarbeiðninni skal fylgja:

- a. yfirlýsing um, að fullnægt sje skilyrðum þeim, er tekin eru fram í 5. gr. 1. málslíð,

- b. yfirlýsing um, hvort loftfarið hafi áður verið skrásett í öðru ríki,
- c. vottorð, er sanni, að loftfarið sje hæft til flugferða samkv. 14. gr.,
- d. váttryggingarvottorð samkv. 33. gr. eða yfirlýsing frá yfirvaldi því, er í hlut á, að tryggingar hafi verið settar í samræmi við 33. gr.

8. gr.

Ef lögboðnum skilyrðum er fullnægt, skal skrásetja loftfarið. Á skrá þessa skal setja:

- a. tölumerki loftfarsins,
- b. hvenær skrásetning hafi farið fram,
- c. hverrar tegundar loftfarið sje og annað það, er einkennir það, enn fremur nafn eiganda og til hvers loftfarið skuli notað,
- d. athugasemd um, að loftfarið sje hæft til flugferða,
- e. athugasemd um váttryggingu og timagildi hennar eða um tryggingar þær, er hafa verið settar,
- f. skrásetningarkerki það, er loftfarið hefir hlotið.

9. gr.

Ef einhver breyting verður á atriðum þeim, er tekin eru upp í 8. gr. c.—f. eftir að skrásetning hefir farið fram, ber að tilkynna breytingarnar hjá skrásetjara. Sjer hann þá um, að breytingar sjeu færðar inn eða að loftfarið sje tekið út af skrá samkv. 10. gr.

Ef eigandaskifti verða á loftfari að öllu eða nokkru leyti, ber báðum aðiljum, hinum gamla og hinum nýja eiganda, að tilkynna skiftin. Ef um fjelagskap er að ræða og einhverjar þær breytingar verða, er fara í bág við 5. gr. 1. málslíð, ber stjórn fjelagsins tafarlaust að skýra skrásetjara frá þessu.

10. gr.

Loftfar skal strikað út af skrá:

- a. ef það hefir ekki fullnægt lögboðnum skilyrðum, en þó komist á skrá,
- b. ef breyting verður á skilyrðum þeim, er sett eru í 5. gr. 1. málslíð. Ef loftfar reynist ekki hæft til flugferða, ber að strika það út af skrá, jafnskjótt sem vottorð um flughæfi þess hefir verið ónýtt,
- c. þegar loftfar ferst.

11. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gefur út skrásetningarvottorð. Í vottorði þessu skal vera útdráttur úr skrásetningarskýrslu.

Ef einhver breyting verður á skrásetningaratriðum þeim, er nefnd eru í skrásetningarvottorði, ber skrásetjara að færa breytingarnar á skrásetningarvottorðið eða sjá um, að nýtt skrásetningarvottorð verði gefið út eða ónýta skrásetningarvottorðið, ef um er að ræða atriði þau, er nefnd eru í 10. gr.

Eiganda ber að sýna skrásetningarvottorð, ef krafist verður, nema hann geti sannað, að skrásetningarvottorðið hafi glatast.

Ef eigandaskifti hafa orðið og ekki er fullnægt skilyrðum þeim, er sett

eru í 5. gr. 1. málslíð, er hinn fyrri eigandi skyldur til að sýna skrásetning-
arvottorð, ef krafist verður.

12. gr.

Jafnskjótt og skrásetning hefir farið fram, ber að setja lofthelgismerki
og skrásetningarkerki (samkv. 5. gr.) á loftfarið.

Ef loftfarið hefir verið strikað út af skrá, ber eiganda, eða ef eiganda-
skifti hafa orðið og skilyrðum þeim, er sett eru í 5. gr. 1. málslíð, hefir ekki
verið fullnægt, þá hinum fyrra eiganda að láta taka merkin af loftfarinu.

13. gr.

Á Íslandi mega loftför þau, sem eru ekki eign íslenskra ríkisborgara,
því að eins halda uppi loftferðum:

- a. ef loftfarið er eign ríkisborgara annars ríkis, er hefir gert sjerstakan
samning við Ísland um, að loftfar hins ríkisins megi halda uppi loft-
ferðum,
- b. ef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir veitt sjerstakt leyfi til
þess og um er að ræða loftfar til hernaðar eða önnur slik loftför, sem
ekki geta talist til venjulegra loftfara (lögreglu- eða tollgæslu-loftför),
- c. ef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir veitt sjerstakt leyfi og
um er að ræða erlend loftför, sem eru einkaeign eða í eigu erlends
ríkis, en notuð á sama hátt sem væru þau einkaeign.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur skilyrði fyrir leyfi
því, sem hægt er að veita samkv. b. og c.

Leyfi það, sem felst í málslíð c, er því að eins hægt að veita,
að loftfarið fullnægi skilyrðum þeim, er íslenskum loftförum eru sett
um flughæfi.

14. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gefur vottorð um, að loftfar sje
hæft til flugferða, þegar þess er krafist.

Vottorðið er veitt:

- a. ef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið eða trúnaðarmaður þess hefir
gengið úr skugga um, að skilyrðum þeim, er ráðuneytið sjálft setur,
hefir verið fullnægt,
- b. ef vottorð er lagt fram frá yfirvöldum annars ríkis eða opinberri eftir-
litsstofnun þess, um, að loftfarið sje hæft til flugferða. Þó verður að
krefjast þess, að sömu skilyrðum sje að minsta kosti fullnægt sem
þeim, er sett eru af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu.

15. gr.

Ef loftfar hefir orðið fyrir breytingum eða skemdum, sem hafa áhrif
á flughæfi þess, er flughæfivottorð þess ógilt þangað til atvinnu- og sam-
göngumálaráðuneytið hefir látið skoðun fara fram eða eftirlitsstofnun sú, er
veitti hið fyrra vottorð. Ef skemdirnar eru bættar með því að setja vara-
hluta í stað hinna skemdu eða lagfærðar eru litilfjörlegar bilanir, þarf skoðun
ekki að fara fram.

Ef skoðun leiðir i ljós, að breyta þarf loftfarinu til þess að það sje flughæft eða gagngerðar breytingar þarf að framkvæma, ber atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu að ógilda flughæfivottorð þess, meðan á viðgerðum stendur.

Ef loftfar hefur orðið fyrir þeim skemmdum, að ekki er unnt að gera við það, ber atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu að ógilda flughæfivottorð þess að fullu og öllu.

16. gr.

Hver sá, er á loftfar, sem nota á til flugferða á Íslandi, er skyldur til, ef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið krefst þess, að veita trúnaðarmanni ráðuneytisins aðgang að loftfarinu.

Eigandi loftfars eða, ef hann hefur ekki íslenskan ríkisborgararjett, flugmaður þess, er skyldur að tilkynna atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu tafarlaust, ef skoða þarf loftfarið samkv. 15. gr. eða ef ógilding á flughæfivottorði kemur til greina.

17. gr.

Skyldur þær, er hvila á eiganda loftfars, er taldar eru upp í 7.—17. gr., hvila einnig á þeim, sem hefur loftfar i vörslum sinum samkv. 5. gr., málslið 1 b. Þess vegna ber samkv. 7. gr., 2. málslið, að taka fram við skrásetningarbeiðni nafn og heimili vörsluhafa og atvinnustörf loftfarsins. Þess vegna ber á skrá loftfara, samkv. 8. gr. c, að geta nafns vörsluhafa og atvinnu loftfarsins, en ekki nafns eiganda eða atvinnu loftfars hans.

II. KAFLI.

Fluglið.

18. gr.

Flugstjóri hefur skipunarvald i loftfari gagnvart flugliði og farþegum; ef fleiri en einn úr flugliði koma til greina við stjórn loftfars, skal sá hafa skipunarvald, er eigandi samkv. 5. gr. 1 a eða vörsluhafi samkv. 5. gr. 1 b kveður til þess.

19. gr.

Flugstjóri og aðrir, er teljast til flugliðs, þurfa leyfisbrjefs frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu.

Flugkennarar, er taka þátt i flugæfingum og reynsluferðum, skulu teljast flugstjórar.

Leyfisbrjef til að stýra loftfari eða til að aðstoða við flugferðir skulu veitt þeim, er sanna, að þeir hafi staðist próf þau, er til þessara starfa er krafist.

Leyfisbrjefin eru veitt til ákveðins tíma, og ber því að endurnýja þau, ef handhafi leyfisbrjefs hefur sannað, að hann á síðasta ári hafi unnið störf sín óaðfínnanlega og að engar ástæður eru gegn endurnýjun leyfisbrjefsins.

Leyfisbrjef skal tekið af leyfishafa um stundarsakir eða fyrir fullt og alt, ef sannað er, að handhafi sje óhæfur til að stýra eða aðstoða við stjórn loftfars.

Leyfishafa ber sjálfum að tilkynna atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu eða umboðsmönnum þess tafarlaust, ef einhver þau atvik verða, er valda því, að svifta þarf leyfishafa leyfisbrjefi um stundarsakir eða fyrir fullt og alt.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur gefið út reglugerð um ákvæði hjer að lútandi.

20. gr.

Nú vill sá, er eigi hefir leyfisbrjef frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu samkv. 19. gr., stýra loftfari eða aðstoða við stjórn þess og má þá leyfa honum það:

- a. ef hann hefir leyfisbrjef frá erlendu ríki og gildi þess er viðurkennt með ríkjasamningi,
- b. ef hann hefir leyfisbrjef sem gefið er út af erlendu ríki og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið samþykkir það,
- c. ef um er að ræða leyfisbrjef loftfara erlendra ríkja til hernaðar eða önnur slík loftför samkv. 13. gr. b, sem ekki geta talist til venjulegra einkalöftfara.

III. KAFLI.

Lendingarstaðir.

21. gr.

Staði þá, sem notaðir eru til lendinga fyrir loftför og eru opnir til almennra afnota og til þess gerðir, og staði þá, sem notaðir eru til flugsýninga eða venjulega eru notaðir til hringflugs, getur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið látið taka til fastra lendingarstaða, ef um er beðið. Aðra staði, sem notaðir eru til flugferða, getur ráðuneytið sömuleiðis tekið til afnota fyrir flugferðir, ef það telur, að þeir geti orðið að gagni fyrir almennar, reglubundnar flugferðir um landið.

Ráðuneytið ákveður, með hverjum skilyrðum slíkir staðir skuli notaðir til lendinga. Ef breyting verður á einhverjum þeim skilyrðum, sem sett voru til þess að nota slíka staði til lendinga, ber eiganda staðarins að tilkynna það atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu tafarlaust, og ákveður ráðuneytið þá, hvort staðurinn verði framvegis notaður til lendinga.

Leyfi þetta veitist Flugfjelagi Íslands h/f til 20 ára frá því að lög þessi ganga í gildi með því skilyrði, að fjelag þetta komi á reglubundnum flugferðum á Íslandi. Fjelagi þessu skal vera heimilt að starfa í sambandi við önnur fjelög um loftferðir milli landa.

IV. KAFLI.

Fyrirtæki til loftferða.

22. gr.

Fyrirtæki þau, sem gera sjer að atvinnu að flytja fólk eða varning með loftförum, þurfa samþykkis atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Ráðuneytið veitir samþykki þetta til ákveðins tíma, þó ekki lengur en til 20 ára. Samþykki ráðuneytisins skal bundið þeim skilyrðum, er nauðsynleg eru til þess að fyrirtækið verði rekið á þeim grundvelli, er fullnægir öryggis-kröfum alþjóðar.

23. gr.

Samþykki skal bundið því skilyrði, að atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið fallist á fargjöld þau fyrir fólk og varning og sömuleiðis flutninga-skilmála og vinnubrögð, er loftferðafyrirtækið hefur sett

V. KAFLI.

Samgöngureglur.

24. gr.

Loftferðum á Íslandi skal hagað eftir þeim reglum, er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur til þess að forðast árekstur loftfara eða koma í veg fyrir önnur slys meðan á loftferð stendur.

Flugliðum hvers loftfars ber að haga sjer eftir reglum þessum, hverjum fyrir sig í sinu starfi.

Meðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gefur ekki út reglugerð um þessi efni, ber að nota samgöngureglur þær, er gilda í alþjóðdaviðskiftum um loftferðir.

Vatnsflugvjarlar teljast hafa takmarkaða hæfileika til að láta að stjórn meðan hreyfillinn er í ferð, en enga slíka hæfileika, er hreyfillinn nemur staðar og ber þeim því að næturlagi að hafa ljós þau, er notuð eru af skipum þeim, er teljast hafa takmarkaða hæfileika til að láta að stjórn eða enga.

25. gr.

Loftför mega lenda

- a. fyrir utan í bæjum, aðeins á ógirtum svæðum — nema þegar um neyðarlending er að ræða.
- b. á yfirborði vatns eða sjávar,
- c. á lendingarstöðum.

Flugliðið er skyldugt til að segja rjettum aðilja frá eiganda loftfarsins og stjórnanda þess. Er rjettur aðili hefur fengið þessa vitneskju, er honum ekki heimilt að hindra brottflug loftfarsins.

26. gr.

Loftförum er ekki heimilt nema með samþykki atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins að flytja sprengiefni, hernaðarvopn eða hernaðartæki.

27. gr.

Loftför þurfa leyfis atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til þess að hafa og nota áhöld til þráðlausrar firðritunar og firðtals. Þó geta loftför, sem eru eign annars ríkis, haft og notað slík þráðlaus áhöld, ef þau hafa til þess leyfi frá yfirvöldum síns ríkis og tilsvarandi samningur um þetta hefur verið gerður milli Íslands og hins erlenda ríkis.

28. gr.

Vissum svæðum undir ákveðinni flughæð má vegna almenns öryggis loka um stundarsakir eða altaf (loftgirðingasvæði).

VI. KAFLI.

Reglur um loftsamgöngur við önnur lönd.

29. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur ákveðið, að loftfar á leið milli landa fljúgi yfir landhelgi Íslands á tilteknum stöðum og fljúgi þá eftir ákveðnum reglum og að slík loftför verði að fljúga af stað og að lenda á ákveðnum stöðum.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur ennfreður ákveðið, að loftför, er fljúga yfir Ísland án þess að lenda, verði að fara tilteknar loftleiðir.

30. gr.

Loftför, er koma frá útlöndum eða fljúga þangað, ennfreður varningur og farangur, er þau flytja með sjer inn eða út, eru háð sömu ákvæðum sem önnur farartæki um almenna tolla, heilbrigðisráðstafanir o. a., nema atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hafi ákveðið öðruvísi.

Fólk, er ferðast með loftförum til eða frá útlöndum, hlitir almennum ákvæðum um vegabréf og heilbrigði, nema atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið skipi öðruvísi fyrir.

VII. KAFLI.

Ábyrgðarskyldur.

31. gr.

Ef fólk eða varningur, sem ekki er í loftfari, verður fyrir meiðslum eða tjóni við rekstur þess, er eigandinn eða sá, sem ber ábyrgð á rekstrinum, skaðabótaskyldur.

Skadabótaskyldan hverfur, ef sannað verður, að sá, sem verður fyrir meiðslum eða tjóni, hafi sjálfur viljandi eða af vangá valdið tjóninu.

Ef sá, sem verður fyrir meiðslum eða tjóni, hefur aðeins að nokkru leyti sjálfur valdið tjóninu, fara skadabæturnar eftir atvikum þeim, sem lágu að, einkum eftir því, að hve miklu leyti hver aðili fyrir sig hefur valdið tjóninu.

Ef um líkamsmeiðsl eða heilsutjón er að ræða, ná skadabæturnar til læknishjálpar og eignatjóns þess, er hinn særði varð fyrir og olli því, að hann um stundarsakir eða um lífstíð misti starfskrafta sína að fullu eða að nokkru leyti eða átti erfiðar uppdráttar eða lífsþarfir hans jukust við áfallið.

Ef um dauða er að ræða, getur sá, er greiddi útfararkostnað, krafist hans aftur og sje hann miðaður við lífskjör hins dána. Ef sá, er bana beið, hafði á þeim tíma, er slysið varð, framfærsluskyldu samkvæmt lögum og framfæringur misti við dauða hins rjett sinn til framfærslu, ber hinum skadabótaskylda að greiða honum skadabætur um þann tíma, er ætla má, að hinn dáni hefði orðið að greiða framfærslueyri. Skadabótaskyldan hvílir einnig á, þótt framfæringur sje ekki í heiminn borinn, þegar slysið varð, en aðeins í vændum.

32. gr.

Ákvæði 31. gr. 1. málslíðs koma ekki til greina, ef meiðsl eða skemdir verða á fólki eða varningi, sem eru innan þess svæðis, sem telst til lendingastaða (21. gr.).

Ef loftfar eða farmur verður fyrir tjóni vegna árekstrar loftfara, skal farið eftir ákvæðum um árekstur skipa.

Ef tjón verður við árekstur tveggja eða fleiri loftfara, sem þeir eiga að greiða samkv. 31. gr., 1. málslíð, er gera út loftförin, eru þeir skadabótaskyldir allir til samans. Dómstóll úrskurðar — með hliðsjón atvika þeirra, er lágu að tjóninu — hve mikils hluta hins greidda eða þess, sem greiða ber, hver af þeim getur krafist af þeim, sem ábyrgur eða ábyrgir eru.

33. gr.

Ákvæði þau, sem sett eru í 31. og 32. gr., takmarka að engu leyti rjett þann til skadabóta, er hver og einn getur krafist samkvæmt lagaákvæðum.

34. gr.

Eigandi loftfars, sem notað er til loftferða á Íslandi samkv. 3. gr., ber að tryggja sig hjá váttryggingarfjelagi gegn skadabótakröfum þeim, sem kunna að verða gerðar samkv. 31.—34. gr. á hendur honum eða þeim, sem hafa rekstur loftfarsins á hendi. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið ákveður hámark fjárupphæða þeirra, er skadabótakröfur má gera til og felast verða í váttryggingarupphæðinni. Þó mega upphæðir þessar ekki fara fram úr 100.000 krónum, ef um meiðsl eða dauða fólks er að ræða, og ekki fram úr 10.000 krónum, ef um skemdir á varningi er að ræða.

Váttryggingarfjelinu skal vera skylt og það tekið fram í váttryggingarsamningi, að tilkynna atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, hvenær váttryggingartími er útrunninn. Í váttryggingarsamningnum skal einnig tekið fram, að

vátryggingarfjlagið beri ábyrgð á tjóni, sem verða kann innan tveggja mánaða frá því að vátryggingarfjlagið tilkynnti ráðuneytinu, að vátryggingartíminn væri útrunninn, ef loftfarið hefur ekki á þeim tíma verið strikað út af skrá.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur ákveðið, að eigandi loftfars geti í stað vátryggingar sett aðrar tryggingar fyrir skaðabótakröfum, sem kunna að verða gerðar.

Í stað eiganda (í 1. og 3. málslíð) kemur vörsluhafi, ef um er að ræða ákvæði 5. gr. (1. b).

Ef loftfar er notað til loftferða á Íslandi samkv. 13. gr. a eða c, getur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið ákveðið, hvort ábyrgðarskylduvátryggingar þarf til greiðslu á skaðabótakröfum samkv. 31.–33. gr. Eiganda skal leyft að setja aðrar tryggingar í stað vátryggingar.

VIII. KAFLI.

Ýms ákvæði.

35. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur ákveðið, hvort ákvæðum 18., 20., 24. og 27. greinar og reglugerðum þeim, er kunna að verða settar samfara þessum greinum um loftför íslenskra ríkisborgara, skuli verða beitt, ef þau eiga við loftferðir utan íslenskrar landhelgi.

36. gr.

Loftför, fluglíð, farþegar og farmur hlíta íslenskum lögum og reglugerðum þeim, er á hverjum tíma gilda um loftferðir, tolla, gjöld og flutninga á fólki og farangri.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu skal vera heimilt, til þess að greiða fyrir flugsamgöngum á Íslandi að undanþiggja innflutningsgjaldi flugvjelar, varahluta, hreyfla, áhöld, bensín, bensól, olíu og annað, er til rekstrar flugvjela þarf.

37. gr.

Loftfar og skip, er bjarga hvert öðru úr sjávarháaska eða bjarga farmi eða aðstoda við björgun, eiga kröfu til hæfilegrar þóknunar. Ef þóknun sú, er lofað hefir verið eða um var samið þykir óhæfilega há, hefir sá, er greiðsluskyldur er, rjett til þess að leita til dómstólanna um niðurfærslu greiðslunnar.

38. gr.

Ef þörf alþjóðar krefur, er hægt að taka lóðir og lóðarrjettindi eignarnámi til loftferða eða skerða gegn hæfilegu endurgjaldi, ef samkomulag næst ekki milli þeirra, sem gera út loftfar og lóðaraðilja. Skerðing getur orðið á þann hátt, að merki eru sett upp á tiltekinn stað til leiðbeiningar loftförum. Skal þessu framfylgt samkvæmt sjerstökum lögum.

39. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, er gefnar verða út vegna laga þessara, varða sektum alt að 10,000 krónum eða fangelsi, ef ekki liggur þyngri refsing við samkvæmt hegningarlögunum.

Skal fara um slík mál, sem almenn lögreglumál. Sektir renna í rikissjóð.

40. gr.

Hver sá, er stofnar mannlífi í hættu með því að skemma af ásettu ráði eða eyðileggja loftfar eða gera það ónothæft eða ótraust eða af ásettu ráði truflar ferðir loftfars með því að gefa röng merki eða á annan hátt, skal sæta fangelsi ekki skemur en 3 mánuði.

Tilraunin sjálf er refsiverð.

Ef alvarleg líkamsmeiðsl hafa hlotist á þenna hátt eða maður beðið bana, skal refsað með betrunarhúsi, ella með fangelsi ekki skemur en 6 mánuði, ef málsbætur eru.

Ef þessi brot eru framin í skeytingarleysi, skal refsa fyrir með fangelsi alt að 6 mánuðum og auk þess sektum alt að 100,000 krónum eða þá önnurhvor þessara refsinga viðhöfð, en fangelsi ekki skemur en 1 mánuð, ef verknaður þessi hefir haft dauða manns í för með sjer.

41. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frv. þetta er samið af Flugfjelagi Íslands og fylgdi því greinargerð svo hljóðandi:

Þar sem telja má líklegt, að flugferðum verði frumvegis haldið uppi á Íslandi, þykir nauðsynlegt með lögum að skipa fyrir um, hvernig loftferðum skuli haga.

Sambandsþjóð vor, Danir, hafa með lögum frá 1. maí 1923 skipað fyrir um loftferðir og þykir því hlýða að taka hæfilegt tillit til þessara laga. Þó er nauðsynlegt í íslenskum lögum um loftferðir að víkja frá hinum dönsku lagaákvæðum að ýmsu leyti, bæði vegna þess, að loftferðir hafa tekið verulegum framförum síðan hin dönsku lög voru sett og eins vegna hins, að Ísland verður einnig að haga sjer eftir ýmsum alþjóðaákvæðum um loftferðir. Aðstaða Íslands er og þannig, að einnig verður að taka sjerstakt tillit til hennar.

Um 1. gr.

Alment er litið þannig á, að hver og einn hafi rjett til frjálsra afnota loftsins og er þetta tekið fram í flestum lögum um loftferðir. Í dönsku lögunum er þessa ekki beinlínis getið, en af ýmsum ákvæðum þeirra laga er ljóst, að sama grundvallarhugsun liggur að baki.

Um 2.—6. gr.

Ríkisborgaraákvæðin um loftför og ákvæðin um skrásetning loftfara standa í flestum lögum um loftferðir og í ríkjasamningum hjer að lútandi.

Ákvæði 5. greinar standa í flestum samskonar lögum. Þó er hjer gert ráð fyrir, að loftfar þurfi ekki að vera í eigu en að eins í vörslu (og undir stjórn) íslenskra ríkisborgara, ef það er flutt inn fyrir lengri tíma en 3 mánuði. Samskonar ákvæði standa í hinum argentínsku lögum um loftferðir frá 4. sept. 1925. Gert er ráð fyrir því, að Flugfjelag Íslands h/f eða önnur slik fjelög, er kunna að verða stofnuð og eiga heimili á Íslandi, geti tekið loftför á leigu. Svipuð ákvæði um flugfjelög gilda einnig í hinum þýsku lögum um loftferðir frá 1. ágúst 1922.

Sjálfsgagt þykir að setja í lög þessi ákvæði um flughæfileika loftfara og um váttryggingarskyldur.

Um 7.—12. gr.

Í greinum þessum eru talin öll hin helstu atriði, er koma til greina við skrásetningargerðir loftfara.

Um 13. gr.

Í grein þessari er gert ráð fyrir að Ísland geri loftferðasamninga við önnur ríki. Ákvæðin um sjerstakt leyfi samkvæmt b og c standa í flestum erlendum lögum um loftferðir.

Um 14. gr.

Í öllum lögum um loftferðir standa ákvæði um það, að þá að eins sje hægt að skrásetja loftfar, að sönnur sje færðar á, að það sje hæft til flugferða. Ísland verður fyrst um sinn að nota opinberar eftirlitsstofnanir annara ríkja eða eftirlitsstofnanir þær, sem viðurkendar eru af viðkomandi stjórnun uns flugferðir komast í það horf hjer, að hægt sje að setja upp sjerstaka eftirlitsstofnun með loftförum.

Ísland getur því fyrst um sinn heldur ekki sett neinar sjerstakar reglur til þess að dæma um flughæfileika loftfara, en verður að fara eftir ákvæðum þeim, er gilda hjá eftirlitsstofnunum þeim í öðrum löndum, er leita verður til. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið veitir flughæfileikavottorð eftir skilríkjum þeim, er lögð eru fram frá eftirlitsstofnunum þessum.

Um 15. gr.

Í grein þessari er skipað fyrir um, hvernig eigi að ógilda um stundarsakir eða að fullu og öllu flughæfileikavottorð. Ríkið hefir því að eins tilefni til að láta skoðun fara fram, að verulegar skemdir hafi orðið. Ef hægt er að lagfæra skemdir með því að skifta um einstaka hluti eða gera að eins lítilfjörlegar endurbætur, þykir ekki ástæða til að láta skoðun fara fram.

Um 16. gr.

Trúnaðarmenn atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins verða að hafa aðgang að loftförum, hvenær sem þeir æskja þess, til þess að þeir geti sannfært

sig um, hvort skilyrðum þeim, er sett eru í 15. gr. um ógilding flughæfileikavottorðs um stundarsakir eða að fullu og öllu, sje fullnægt. Tilkynningarskylda sú, er tekin er fram í 2. málslið, fer í sömu átt.

Um 18. gr.

Nauðsynlegt er að skipa fyrir um, hver skuli hafa stjórn á hendi í loftförum líkt og á skipum. Er þetta og tekið fram í hinum dönsku lögum um loftferðir frá 1. maí 1923.

Með reglugerð er hægt að ákveða nánar hve víðtækt vald stjórnandi loftfars skuli hafa í einstökum atriðum.

Um 19. gr.

Í grein þessari eru tekin fram skilyrði þau, er þarf til þess að veita leyfisbrjef þeim, er stjórnin eiga loftfari eða vera til aðstoðar (fluglið). Ísland verður vitanlega fyrst um sinn að viðurkenna prófvottorð annara ríkja og leggja til grundvallar leyfisbrjefum þessum.

Líkt gildir um læknisskoðun þá, er verður fram að fara áður en leyfisbrjef er veitt. Ef læknisskoðun fer fram á Íslandi þykir sjálfsgagt, að sömu skilyrða verði krafist eins og í öðrum löndum, þangað til sjerstök reglugerð verður sett um, hvers krefja beri, er læknisskoðun á flugliði fer fram.

Um 20. gr.

Grein þessi svarar til ákvæða þeirra um fluglið, er gilda um erlend loftför samkv. 13. gr.

Um 21. gr.

Hjer þykir ekki nauðsynlegt að skipa fyrir um, hverja staði skuli taka til landingar. Alstaðar er nóg af landi til landinga og þarf því ekki með lögum að skipa fyrir um að breyta tilteknum stöðum í landingarstaði.

Ákvæðin í 21. gr. taka því að eins til þess, sem síðar kann að verða, ef flugleiðum fjölgar.

Um 22.—23. gr.

Sjálfsgagt þykir, vegna þess, hve mikils það er virði fyrir þjóðlífið, að ráðuneytið veiti samþykki sitt til atvinnufyrirtækja þeirra, er koma vilja á reglubundnum flugferðum á Íslandi.

Um 24. gr.

Hjer eru tekin fram grundvallaratriðin um loftsamgöngur, er síðar verður skipað fyrir um með reglugerðum. Þykir nóg í grein þessari að benda á reglur þær, er gilda í alþjóðaviðskiftum.

Um 25. gr.

Ákvæðin um landingar loftfara á Íslandi eru hin sömu og í hinum þýsku lögum um loftferðir frá 1. ágúst 1922 og þykja ákvæði þessi hafa reynst ágætlega.

Um 26.—28. gr.

Ákvæðin um bann á flutningi sprengiefna o. fl., um þráðlaus áhöld og um loftgirðingasvæði eru algeng í flestum lögum um loftferðir.

Um 29.—30. gr.

Ákvæði þessi þykja sjálfsgöð í lögum um loftferðir vegna gildandi ákvæða um tolla, heilbrigði, eftirlit og vegabryf.

Um 31.—33. gr.

Skaðabótaskylda eiganda loftfars eða þess, sem hefir rekstur þess á hendi, er í flestum lögum um loftferðir miðuð við ábyrgð þá, sem líklegt er að megi koma fram. Þessu grundvallaratriði er fylgt í 31. gr. Ákveða verður í einstökum atriðum, hve mikla skaðabótaskyldu skal setja. Samsvarandi ákvæði og þessi eru í þýskum lögum um loftferðir frá 1. ágúst 1922.

Um 34. gr.

Vátryggingarskyldan eða skyldan að setja tryggingar er sett í lög þessi vegna almenns öryggis.

Um 35. gr.

Í framandi ríki verður að gæta allra þeirra ákvæða, er ríki þetta hefir sett. Milliríkjasamningar geta tekið fram, að ýms ákvæði, er Ísland setur, skuli gilda. 35. gr. lýtur að þeim atriðum. Ákvæði 18., 20., 24. og 27. gr. geta átt við loftför, er fara yfir eigandalans svæði, einkum yfir haf.

Um 36. gr.

Grein þessi á að koma í veg fyrir árekstur á gildandi ákvæði. Best fer á að koma þessum málum fyrir með milliríkjasamningum.

Um 37. gr.

Siglingaákvæði um björgun úr sjávarháská er ekki hægt að nota, ef um loftför og skip er í senn að ræða. Af aðstandendum skipa er haldið fram, að björgunarlaun svari oft ekki til þess kostnaðar, er fer í það að bjarga loftfari. Sama er haldið fram af aðstandendum loftfara, ef um björgun skipa er að ræða. Mun báðum hæfa best, að hæfileg þóknun sje ákveðin.

Um 38. gr.

Þó að gæta verði eignarjettarins, krefur þörf alþjóðar stundum, að loftför fari um tiltekin svæði eða tilteknar sveitir, þrátt fyrir það, að eigandi sá, er í hlut á, sje ekki samþykkur skerðingu eða missi á eign sinni.

Um 39. gr.

Refsiákvæðin í 39. gr. eru sett til þess, að ákvæðum þessara laga og reglugerða þeirra, er þau hafa í för með sjer, verði hlýtt.

Um 40. gr.

Nauðsynlegt er einnig að setja refsíákvæði vegna öryggis loftferða. Grein þessi er tekin úr hinum þýsku lögum um loftferðir frá 1. ágúst 1922 og samsonar ákvæði eru í loftferðalöggjöf Englendinga og Ítala og ýmissa ríkja í öðrum heimsálfum.